



## Fundur hjá Endurlífgunarráði Íslands

24. maí 2019 klukkan 16:15 – 17:00

Símafundur

Hringt er í 7557755 og slegið inn lykilorðið 4630125

### DAGSKRÁ FUNDAR

- Undirbúningur aðalfundar
  - Hverjir eru í framboði (upplýsingar sendar út 23/5 um frambjóðendur)
    - Sjá fylgiskjal 1 með fundargerð
  - Fjöldi sem mætir á aðalfund og leiðbeinendafund
    - Ekki vitað um fjölda en um 20 hafa boðað komu sína
  - Veitingar
    - **Hrafnhildur, Valdís og Hjörtur** taka að sér að sjá um veitingar
  - Dagskrá leiðbeinendadags og aðalfundar
    - Dagskrá leiðbeinendafundar má sjá í fylgiskjali 2
    - Dagskrá aðalfundar má sjá í fylgiskjali 3
    - Farið er yfir hvað á eftir að undirbúa fyrir fundina og símafundu slitið.



## Fylgiskjal 1

# Aðalfundur Endurlífgunarráðs Íslands 29. maí 2019

Í stjórn Endurlífgunarráðs Íslands sitja níu aðalfulltrúar. Meðfylgjandi er listi yfir einstaklinga sem eru í framboði til stjórnar 2019.

Ennfremur má sjá tillögu uppstillingarnefndar að næstu stjórn með tilliti til 3. gr. starfsreglna ráðsins.

### 3. gr.

#### Skipan og tilnefningar í ráðið

Á aðalfundi ár hvert er ný stjórn kosin. Í ráðinu skal sitja fagfólk úr röðum lækna, hjúkrunarfræðinga og bráðataekna sem sinna endurlífgunarmálum í starfi sínu, kenna eða stunda rannsóknir á því sviði. Leitast skal við að í stjórn sitji fagfólk sem hafi sem víðtækasta sérþekkingu á málefnum endurlífgunar. Uppstillingarnefnd gerir tillögu að stjórn fyrir aðalfund skv. nánari verklagsreglum sem stjórn setur. Starfsmaður Endurlífgunarráðs skal auk þess sitja fundi ráðsins.

Til að stytta tímenn sem fer í kosningu stjórnar á aðalfundinum vill uppstillingarnefnd biðja alla kosningabæra fundarmenn\* að kynna sér framboðslistann fyrir fundinn.

*Með tilliti til 3. gr leggur uppstillingarnefnd til að eftirfarandi fimm einstaklingar verði kosnir í stjórn:*

**Ármann Jónsson**, bráðalæknir, **Hjörtur Oddsson**, hjartalæknir, **Hlynur Höskuldsson**, bráðataeknir, **Sigurbjörg J. Skarphéðinsdóttir**, svæfingalæknir og **Pórður Þórkelsson**, barnalæknir.

*Uppstillingarnefnd leggur til að fjórir fulltrúar verði kosnir í stjórn úr eftirfarandi hóp framúrskarandi einstaklinga:*

**Ásgeir Valur Snorrason** – svæfingahjúkrunarfræðingur, **Elma Rún Ingvarsdóttir**, sérfræðingur í barnahjúkrun, **Guðbjörg Helga Jónsdóttir** – fulltrúi Rauða Krossins, **Hildur Dís Kristjánsdóttir** – hjúkrunarfræðingur, **Jón Garðar Viðarsson** – svæfingahjúkrunarfræðingur, **Valgerður Hermannsdóttir**, hjúkrunarfræðingur.

Fyrir hönd uppstillingarnefndar:

*Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir*



\*Kosningarétt hafa allir aðildarfélagar Endurlífgunarráðs Íslands

## Fylgiskjal 1

### Í framboði eru:

#### **Ármann Jónsson, bráðalæknir – Bíður sig fram sem fulltrúa bráðalækna**

Ég er 35 ára gamall. Ég er sérfræðingur í bráðalækningum og hef mest megnis unnið á bráðamóttökunni á LSH en ég vann einnig á bráðamóttöku í Edinborg í Skotlandi um tíma sem hluta af sérnáminu mínu. Ég hef síðastliðin 2 ár starfað sem sérfræðilæknir í bráðalækningum í Fossvogi sem og ég starfa einnig á þyrlunni hjá Landhelgisgæslunni. Ég tel mig því hafa ýmislegt fram að færa innan ráðsins vegna reynslu minnar m.a. út frá utanspítalaþjónustunni en einnig út frá fyrri störfum á spítalanum. Ég hefði áhuga á að taka þátt í þeirri vinnu að tryggja menntun allra heilbrigðisstarfsmanna í endurlífgun sem og miðla fræðslu til almennings um endurlífganir auk þess að tryggja kunnáttu almennings í fyrstu viðbrögðum við hjartastoppi.

#### **Ásgeir Valur Snorrason – Svæfingahjúkrunarfræðingur - bíður sig fram sem fulltrúa hjúkrunarfræðinga**

Ég er svæfingahjúkrunarfræðingur. Hef unnið á svæfingadeild LSH frá 2003 en fyrir þann tíma á GG Borgarspítalans og svæfingadeild FSA. Hef í fjölda ára kennt skyndihjálpar, endurlífgun, sérhæfða endurlífgun (ALS, ILS) sérhæfða endurlífgun barna (EPALS). Fór á leiðbeinendanámskeið í Herlev (The 5th European Simulation Instructor Course) árið 2008 og hef barist fyrir innleiðingu hermináms síðan á ráðstefnum. Ég og fyrirtæki sem ég á í félagi með öðrum (Bráðaskólinn sf) fluttum inn leiðbeinendur frá SAFER hermisetrunu í Noregi og var það fyrsta leiðbeinendanámskeið í herminámi á Íslandi. Hef því verið mjög virkur herminámsleiðbeinandi frá 2008. Ég tel að Endurlífgunarráð Íslands eigi að efla samskipti við skyndihjálparleiðbeinendur og aðra sem koma að kennslu í endurlífgun og vera þeim faglegur bakhjarl. Ég vil fá stuðtæki í alla strætisvagna og hópferðarbíla (sem eru með gps og því vitað hvar þeir eru og hægt að beina þeim á stað þar sem hjartastopp hefur átt sér stað.

#### **Elma Rún Ingvarsdóttir, sérfræðingur í barnahjúkrun – bíður sig fram sem fulltrúa hjúkrunarfræðinga**

Ég heiti Elma Rún Ingvarsdóttir og er sérfræðingur í Barnahjúkrun með áherslu á nýbura. Ég útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur frá HA árið 2000 og tók mastersgráðu í Advanced Nursing Practice frá The University of Nottingham árið 2006 með áherslu á nýburagjörgæslu og flutning á veikum nýburum.

Ég hef unnið á

Barnadeild SAK síðan árið 2000, sem almennur hjúkrunarfræðingur, hjúkrunardeildarstjóri árin 2006-

2008 og sem sérfræðingur í barnahjúkrun frá árinu 2014. Ég hef einnig kennt barnahjúkrun við HA, unnið hlutastarf á Vökudeild LSH og farið í vinnuferðir til Noregs og unnið þar á nýburagjörgæslu deildum.

Ég kenni endurlífgun barna og nýbura, hef kennt endurlífgun nýbura á SAK í mörg ár og er leiðbeinandi og námskeiðstjóri í sérhæfðri endurlífgun barna (EPALS). Ég hef mikinn áhuga á að halda mér upplýstri um nýjungar í þessum málaflökk og að kenna öðru starfsfólki endurlífgun. Mér finnst mjög mikilvægt að áhersla sé lögð á endurlífgun barna og nýbura og langar að vinna áfram með þau mál.

#### **Guðbjörg Helga Jónsdóttir – Bíður sig fram sem fulltrúa Rauða Krossins**

## Fylgiskjal 1

### **Hildur Dís Kristjánsdóttir – Hjúkrunarfræðingur – bíður sig fram sem fulltrúa hjúkrunarfræðinga**

Ég heiti Hildur Dís Kristjánsdóttir og er 36 ára gömul, ég er Hafnfirðingur í húð og hár og bý þar ásamt manningum mínum, 5 ára syni okkar og tveim kisu. Ég útskrifaðist sem hjúkrunarfræðingur árið 2009 og hef alla tíð starfað á Landspítalanum í Fossvogi, fyrstu árin á gjörgæslunni og svo á bráðamóttökunni þar sem ég er enn í dag. Samhliða vinnu minni á bráðamóttökunni er ég verkefnastjóri á Neyðarmóttökunni vegna kynferðisofbeldis.

Ég fór á ALS námskeið árið 2012 og fór í kjölfarið á kennaranámskeið og hef kennt bæði ALS og ILS síðan. Einnig er ég með kennararéttindi í skyndihjálpi og hef aðallega kennt fyrir Rauða krossinn.

Það er mikilvægt að fjölbreyttur hópur fagfólks sé í stjórn Endurlífgunarráðs og bíð ég fram krafta mína fyrir næsta stjórnarár.

### **Jón Garðar Viðarsson - Svæfingahjúkrunarfræðingur - bíður sig fram sem fulltrúa hjúkrunarfræðinga**

Ég og er svæfingahjúkrunarfræðingur sem og slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður að mennt. Hef unnið við utanspítalaþjónustu, á slysa- og bráðamóttöku og skurðdeild LSH í Fossvogi í mismikilli prósentu í síðastliðin 15 ár en starfa nánast einvörðungu við kennslu þessa dagana. Er meðal annars leiðbeinandi á

Mennta- og vísindasviði LSH, kenni þar sérhæfða endurlífgun barna og fullorðinna fyrir hönd ERC og starfa þar líka við hermikennslu.

Starfa einnig sem stundakennari við HÍ, leiðbeinandi fyrir Sjúkraflutningaskólann, kenni skyndihjálpi fyrir RKÍ og hef kennt ýmis námskeið fyrir Bráðaskólann. Hef komið að og tekið þátt í hjálfun íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar og hef tekið þátt í sérhæfðri hjálfun starfsfólks á nokkrum einkaskurðstofum.

Hef mikinn áhuga á bráðameðferð og endurlífgunarmálum sem og kennslu og hef áhuga á að taka virkari þátt í endurlífgunarmálum og er það meðal annars ástæða þess að ég býð mig fram í stjórn Endurlífgunarráðs Íslands.

Tel endurlífgunarmálum ekki hafa verið gert nægilega hátt undir höfði og hef áhuga á að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu á því ágæta starfi sem unnið hefur verið af Endurlífgunarráði Íslands til þessa.

Trúi því að kraftar mínir myndi nýtast Endurlífgunarráði Íslands til góðs og í ljósi menntunar og reynslu langar mig með að bjóða mig fram í stjórn ráðsins og leggja þannig mitt lóð á vogarskálarnar.

### **Hjörtur Oddsson, hjartalæknir - bíður sig fram sem fulltrúa hjartalækna Formaður fráfarandi stjórnar**

Page Break

### **Hlynur Höskuldsson, bráðataeknir – bíður sig fram sem fulltrúa bráðataekna Gjaldkeri fráfarandi stjórnar**

Slökkviliðsmaður og Bráðataeknir, B.Sc í Paramedic Studies

Starfsmaður SHS síðan 2001, Fulltrúi LSS í Endurlífgunarráði síðan 2015 - gjaldkeri sl 2ár.

Hef kennt sjúkraflutninganemum og almennungi endurlífgun síðan 2006

Halda áfram því góða starfi sem Endurlífgunarráð Íslands hefur gert en með aukna áherslu á almennung.

## Fylgiskjal 1

**Sigurbjörg J. Skarphéðinsdóttir**, svæfingalæknir – bíður sig fram sem fulltrúa svæfingalækna

**Ritari fráfarandi stjórnar**

*Ég heiti Sigurbjörg J. Skarphéðinsdóttir og er sérfræðingur í svæfingum og gjörgæslulækningum á Landspítala við Hringbraut síðan 2010. Hluti af starfi mínu er að taka á móti einstaklingum sem hafa farið í hjartastopp og veita þeim sérhæfða meðferð á þræðingarstofu og gjörgæsludeild. Meðferð í kjölfar endurlífgunar er í formi kælingar og stuðnings við líffæraakerfi. Það er ljóst að það er lítið hægt að bæta horfur eftir hjartastopp með tæknilegu inngripi ef vantar upp á gæði fyrstu viðbragða. Það er mér því hjartans mál að reyna að auka þekkingu almennings á grunnendurlífgun og heilbrigðisstarfsfólks á sérhæfðri endurlífgun með því að taka þátt í umræðum og kennslu. Mig langar einnig að reyna að koma Íslandi enn frekar á kortið með því að styðja betur við verkefnið "Kids save lives" og vinna að því að fá "opna" skráningu á AED-tækjum og einstaklingum með þekkingu á endurlífgun.*

*"Við getum ÖLL BJARGAÐ lífi"*

**Þórður Þórkelsson**, barnalæknir – Bíður sig fram sem fulltrúa barnalækna

**Situr í fráfarandi stjórn**

**Valgerður Hermannsdóttir**, hjúkrunarfræðingur - Bíður sig fram sem fulltrúa frá

**Hjartaheill**

**Situr í fráfarandi stjórn**

*Ég er hjúkrunar og lýðheilsufræðingur og varaformaður Hjartaheilla. Mér hefur þótt mjög ánægjulegt að kynnast starfi endurlífgunarráðs og vil gjarnan leggja mitt af mörkum til að stuðla að aukinni fræðslu og kennslu til almennings um endurlífgun. Einnig að lögð verði meiri áhersla á kennslu til barna í endurlífgun og það verði hluti af námsskrá grunnskólabarna.*

**Fylgiskjal 2 Dagskrá leiðbeinendafundar er í sér skjali**

**Fylgiskjal 3 Dagskrá aðalfundar er í sér skjali**